

**Nr. 19-078 S 053 Einar Hálfðans ÍS 11****Vélarvana og dreginn til hafnar**

Skipaskr.nr. 2790  
Smíðaður: Trefjar, 2009, trefjaplast  
Stærð: 14,95 bt  
Mesta lengd: 12,46 m Skráð lengd: 11,34 m  
Breidd: 3,75 m Dýpt: 1,4 m  
Vél: Yanmar, 368,0 kw, árg. 2013  
Fjöldi skipverja: 2



Einar Hálfðans ©Fiskifrétir

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 1. nóvember 2019 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni og Pálma K. Jónssyni

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.*

**Atvikalýsing:**

Þann 27. maí 2019 var Einar Hálfðans ÍS 11 á línuveiðum á Vestfjarðamiðum. Veður: ANA 11 m/s.

Á veiðunum fór allur glussi af vökvakerfinu og báturinn varð vélarvana. Óskað var eftir aðstoð og björgunarskipið Gunnar Friðriksson dró hann til hafnar í Bolungarvík.

**Við rannsókn kom fram:**

- að leki kom að vökvaslöngu við skutsknúfu;
- að ein stór véldrifin vökvadæla var fyrir vökvakerfið þar sem notendur voru stýrisvél, línuspil, beitningarvél, uppstokkari, bógskrúfa og skutsknúfa;
- að báturinn var ekki með sérstakan neyðarstýribúnað heldur með rafdrifið jafnvægisstýri (flöpsum) óháð öðrum stýrisbúnaði sem er viðurkenndur búnaður af Samgöngustofu sem ígildi neyðarstýris.

**Nefndarálit:**

Orsök atviksins er að vökvakerfið tæmdist þar sem leki kom á vökvaslöngu.

Nefndin beinir því til stjórnenda skipa að kynna sér til hlítar notkun og möguleika til neyðarstjórnunar.

**Sérstakar ábendingar:**

Nefndin beinir því til stjórnenda skipa að kynna sér til hlítar notkun og möguleika til neyðarstjórnunar.